

Nd.

114. Frumvarp til laga

[110. mál]

um lífeyrisréttindi heimavinnandi húsmæðra, breyting á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Flm.: Málmfríður Sigurðardóttir, Kristín Einarsdóttir,
Pórhildur Þorleifsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna (sbr. lög nr. 58/1985) kemur ný grein er orðast svo:

Heimavinnandi húsmæður sem ekki gegna öðru starfi, svo og þær heimavinnandi húsmæður sem eru í minna en hálfu starfi utan heimilis, skulu öðlast aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Ríkissjóður greiðir mánaðarlega iðgjald til sjóðsins vegna hvernar heimavinnandi húsmóður er nemi 6% af launum skv. 9. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, eins og þau eru á hverjum tíma, og viðkomandi sveitarfélag 4% af sömu upphæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi, en var ekki útrætt og er nú endurflutt með lítils háttar breytingu á orðalagi.

Frumvarpi þessu er ætlað að leiðrétta kjör heimavinnandi húsmæðra, þeirra er ekki hafa enn öðlast rétt til aðildar að lífeyrissjóði, og er þannig leitast við að tryggja hag þeirra betur á efri árum.

Með hugtakinu heimavinnandi húsmóðir er í fyrsta lagi átt við konur sem gegna ekki öðru starfi en umsjón heimilis og í öðru lagi þær sem hafa heimilisumsjón að aðalstarfi en vinna minna en hálfu starf utan heimilis. Hugtakið nær vitaskuld á sama hátt til þeirra karla sem húsmóðurstörfum gegna.

Hvað fyrri hópinn varðar er ætlunin að ríkissjóður greiði þau 6% af iðgjaldi sem atvinnurekanda er skylt að greiða, en viðkomandi sveitarfélög greiði þau 4% sem eru hluti launþegans. Iðgjaldsgreiðslan sé miðuð við laun skv. 9. launaflokki Verkamannasambands Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Skal þessi viðmiðun viðhöfð þar til mat liggur fyrir á störfum húsmæðra. Þetta er því engan veginn endanlegt mat á verðmæti þeirra starfa sem um ræðir.

Sé húsmóðir í hlutastarfi utan heimilis þar sem atvinnurekandi greiðir iðgjald í lífeyrissjóð hennar vegna og hún að sínu leyti greiði ríkissjóður og sveitarfélag það sem á vantar til að hún hljóti full lífeyrisréttindi. Iðgjaldið greiðist til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Stofnun sameiginlegs lífeyriskerfis allra landsmanna er nú í undirbúningi. Það er mikið þjóðþrifamál og má ætla að lífeyrismál heimavinnandi fólks verði best leyst innan þess ramma, en svo brýnt er að koma þessu máli í betra horf að ekki verður beðið eftir annarri skipan lífeyrismála þar sem búast má við að nokkur ár líði áður en sú breyting kemst á.